

2013:18 • 9. desember 2013

Fjármál hins opinbera á 3. ársfjórðungi 2013

Quarterly government accounts, 3rd quarter 2013

Samantekt


Tekjuafkoma hins opinbera hefur batnað það sem af er þessu ári. Hún var neikvæð um 2,4 milljarða króna á 3. ársfjórðungi 2013 sem er hagstæðari niðurstaða en á sama tíma 2012 er hún var neikvæð um 6,7 milljarða króna. Tekjuhallinn nam 0,5% af landsframleiðslu ársfjórðungsins og 1,2% af tekjum hins opinbera. Fyrstu níu mánuði ársins reyndist tekjuafkoma hins opinbera neikvæð um 18,1 milljarð króna eða 1,4% af landsframleiðslu þess tímabils, en til samanburðar var tekjuafkoman neikvæð um 29,2 milljarða króna á sama tíma 2012 eða 2,3% af landsframleiðslu.

Helstu niðurstöður

Tekjuafkoma hins opinbera hefur batnað það sem af er þessu ári þótt hún sé enn neikvæð. Þegar fyrstu níu mánuðir ársins eru skoðaðir þarf að fara aftur til ársins 2008 til að fá betri afkomu.

Mynd 1. Tekjuafkoma hins opinbera sem hlutfall af VLF ársfjórðungs¹

Figure 1. General government financial balance as percent of quarterly GDP¹



Skýringar Notes: 192 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs á töpuðum kröfum vegna veðlana Seðlabanka Íslands á 4. ársfj. 2008 er ekki með talin í heildargjöldum og sömuleiðis ekki 55,5 milljarða áfallin ríkisábyrgð á 4. ársfj. 2010. Áfallin ríkisábyrgð fyrir 19 ma.kr. er með talin í 4. ársfj. 2011 og einnig ríkisábyrgð fyrir 13 ma.kr. á 4. ársfj. 2012 vegna Íbúðalánasjóðs. The central government debt assumption due to called guarantees of 192 billion ISK in 4. quarter 2008 is excluded from total expenditure and as well 55.5 billion ISK in 4. quarter 2011. Guarantees are included in 4. quarter 2011 for 19 billion ISK and in 4. quarter 2012 for 13 billion ISK.



*Tekjur jukust um 5,4%
en útgjöld um 3,0%*

Heildartekjur hins opinbera hækkuðu um 5,4% milli 3. ársfjórðungs 2012 og 2013. Heildarútgjöld hins opinbera jukust um 3,0% á sama tíma.

Tekjur hins opinbera námu um 582,4 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum og er aukningin milli ára 5,5%. Útgjöld hins opinbera reyndust 601 milljarður króna á sama tíma og jukust um 3,3% milli ára. Tekjuhallinn á tímabilinu var 1,4% af landsframleiðslu tímabilsins en hann var 2,3% á sama tíma 2012.

Hið opinbera

*Heildartekjur hins opinbera
voru 202,7 milljarðar*

Heildartekjur hins opinbera, þ.e. ríkissjóðs, almannatrygginga og sveitarfélaga, eru áætlaðar 202,7 milljarðar króna á 3. ársfjórðungi 2013 samanborið við 192,4 milljarða króna á sama tímabili 2012 og jukust um 5,4% milli ára. Skatttekjur og tryggingagjöld skiluðu hinu opinbera 172 milljörðum króna samanborið við 163,6 milljarða króna á sama ársfjórðungi 2012 eins og lesa má úr töflu 5. Tekjuaukningin skýrist aðallega af 5 milljarða króna meiri tekjusköttum og 2,6 milljarða króna meiri tekjum af vöru- og þjónustusköttum.

Útgjöldin námu 205 milljörðum

Á 3. ársfjórðungi 2013 benda áætlanir til þess að heildarútgjöld hins opinbera hafi verið um 205 milljarðar króna samanborið við 199 milljarða króna árið 2012 og nemur hækkunin 3,0% milli ára. Stærstu útgjaldaliðirnir eru laun, 66,8 milljarðar króna, kaup á vöru og þjónustu 50,5 milljarðar króna og félagslegar tilfærslur til heimila 33,5 milljarðar króna. Þá er talið að vaxtagjöld hins opinbera hafi verið 24,8 milljarðar króna á 3. ársfjórðungi 2013 og opinber fjárfesting 11,4 milljarðar króna. Launakostnaður hins opinbera jókst um 4,4 milljarða milli 3. ársfjórðungs 2012 og 2013 en félagslegar tilfærslur drógust hins vegar saman. Fjárfestingin jókst um 1,3 milljarða en sú aukning er meðal annars vegna Vaðlaheiðarganga.

*Tekjuafkoma hins opinbera var
neikvæð um 2,4 milljarða króna*

Tekjuafkoma hins opinbera reyndist neikvæð um 2,4 milljarða króna á 3. ársfjórðungi 2013 sem er hagstæðari niðurstaða en á sama tíma 2012 er hún var neikvæð um 6,7 milljarða króna. Fara þarf aftur til ársins 2008 til að finna ársfjórðung sem skilar hagstæðari tekjuafkomu.

*Fyrstu níu mánuðina jukust
tekjur um 5,5%*

Tekjur hins opinbera námu 582,4 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins samanborið við 552,2 milljarða króna árið áður og er aukningin milli ára um 30 milljarðar króna eða 5,5%. Sem hlutfall af landsframleiðslu tímabilsins námu tekjurnar 43,9%. Tekjuafkoma hins opinbera reyndist neikvæð um 18,1 milljarð fyrstu níu mánuðina sem er bati um rúmlega 11 milljarða frá sama tímabili 2012. Tekjuhallinn nam 1,4% af landsframleiðslu tímabilsins eða 3,1% af tekjum hins opinbera. Mest jukust tekjuskattar sem skiluðu 14,9 milljörðum króna meiri tekjum á tímabilinu en árið áður. Þá skiluðu vöru- og þjónustuskattar 6,6 milljörðum króna meiri tekjum og tryggingagjöldin 2,8 milljörðum króna meiri tekjum. Aðrar tekjur — aðallega vaxtatekjur og sala á vöru og þjónustu — skiluðu 5,9 milljörðum króna meiri tekjum.

*Útgjöld fyrstu níu mánuðina
jukust um 3,3%*

Fyrstu níu mánuðina reyndust útgjöld hins opinbera vera 601 milljarður króna eða sem svarar til 45,3% af landsframleiðslu tímabilsins og er það aukning um 3,3% milli ára. Stærstu útgjaldaliðirnir eru laun sem áætluð eru 198,4 milljarðar króna á tímabilinu, kaup á vöru og þjónustu 152,6 milljarðar króna og félagslegar tilfærslur til heimila 97,7 milljarðar króna; samtals hækka þessir liðir um 3,7% milli tímabilanna. Þá er áætlað að vaxtagjöld hins opinbera hafi verið tæplega 70 milljarðar króna fyrstu níu mánuði ársins og opinber fjárfesting 28 milljarðar króna.

Tafla 1. Fjárhagur hins opinbera á 3. ársfjórðungi 2012 og 2013

Table 1. General government finances in 3rd quarter 2012 and 2013

Fjárhæðir í milljörðum króna	2012	2013	Breyting,	2012	2013	Breyting,
Figures in billion ISK	3. ársfj.	3. ársfj.	%	1.–3. ársfj.	1.–3. ársfj.	%
	3rd quart.	3rd quart.	Change, %	1–3 quart.	1–3 quart.	Change, %
1. Heildartekjur <i>Revenue</i>	192,4	202,7	5,4	552,2	582,4	5,5
2. Heildarútgjöld <i>Expenditure</i>	199,1	205,1	3,0	581,5	600,5	3,3
2.1 Fjárfesting <i>Investment</i>	10,1	11,4	12,9	24,7	28,0	13,0
3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2)						
<i>Financial bal. (3 = 1 - 2)</i>	-6,7	-2,4	•	-29,2	-18,1	•
4. Tekjujöfnuður % af tekjum						
<i>Fin. bal. % of revenue</i>	-3,5	-1,2	•	-5,3	-3,1	•
5. Tekjujöfnuður % af VLF						
<i>Financial bal. % of GDP</i>	-1,5	-0,5	•	-2,3	-1,4	•

Ríkissjóður

*Tekjuhalli ríkissjóðs var
3,3 milljarðar króna*

Bráðabirgðatölur benda til þess að heildartekjur ríkissjóðs á rekstrargrunni hafi verið 150,7 milljarðar króna á 3. ársfjórðungi 2013 og heildarútgjöld 154,1 milljarðar króna. Tekjujöfnuður ríkissjóðs er því neikvæður um 3,3 milljarða króna á þeim ársfjórðungi eða sem nemur 0,7% af landsframleiðslu ársfjórðungsins. Samkvæmt þessu hafa tekjur ríkissjóðs aukist um 5,7% frá sama tíma 2012 en útgjöldin um 3,8%. Tekjujöfnuðurinn er því hagstæðari en á 3. ársfjórðungi 2012 er hann var neikvæður um 5,9 milljarða króna eða 1,3% af landsframleiðslu þess ársfjórðungs.

*Skattar á vöru og þjónustu
40,3% tekna ríkissjóðs*

Á þriðja ársfjórðungi skiluðu skattar og tryggingagjöld ríkissjóði 127,4 milljörðum króna eða 84,5% tekna hans. Þar af skiluðu skattar á vöru og þjónustu 60,7 milljörðum króna, skattar á tekjur og hagnað 40,7 milljörðum króna og tryggingagjöldin 17,7 milljörðum króna. Á gjaldahlið ríkissjóðs eru fjárframlög til almannatrygginga og sveitarfélaga umfangsmesti útgjaldaliðurinn en þau námu 48,4 milljörðum króna á þriðja ársfjórðungi 2013. Launaútgjöld ríkissjóðs námu 34,4 milljörðum króna og kaup á vöru og þjónustu 25,1 milljörðum króna eins og lesa má í töflu 6.

*Tekjur jukust um 5,9% fyrstu 9
mánuðina*

Tekjur ríkissjóðs námu 429,7 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2013 en 405,8 milljörðum króna á sama tíma 2012 og nemur aukningin 5,9% milli ára. Skattar og tryggingagjöld skiluðu ríkissjóði 363 milljörðum króna eða um 84,5% tekna hans. Þar af skiluðu skattar á vöru og þjónustu 165,7 milljörðum króna, skattar á tekjur og hagnað 121,3 milljörðum króna og tryggingagjöldin 50,5 milljörðum króna.

..en gjöldin jukust um 3,8%


Á fyrstu níu mánuðum ársins 2013 námu útgjöld ríkissjóðs 446,3 milljörðum króna samanborið við 430 milljarða króna á sama tíma 2012 og var aukningin 3,8%. Á fyrstu níu mánuðum ársins 2013 var tekjujöfnuðurinn óhagstæður um 1,3% af landsframleiðslu miðað við 1,9% halla árið 2012. Fjárframlög til almannatrygginga og sveitarfélaga eru umfangsmesti útgjaldaliður ríkissjóðs en þau námu tæplega 141 milljarði króna á þessu tímabili. Launaútgjöld hans námu 102 milljörðum króna, kaup á vöru og þjónustu 73,5 milljörðum króna og vaxtagjöld 63,4 milljörðum króna. Aukningin milli umræddra tímabila skýrist fyrst og fremst af 6,5 milljarða króna hærri launagjöldum og tæpum 6 milljarða króna auknum fjárframlögum til almannatrygginga og sveitarfélaga.

Tafla 2. Fjárhagur ríkissjóðs á 3. ársfjórðungi 2012 og 2013*Table 2. Central government finances in 3rd quarter 2012 and 2013*

Fjárhæðir í milljörðum króna	2012	2013	Breyting,	2012	2013	Breyting,
<i>Figures in billion ISK</i>	3. ársfj.	3. ársfj.	%	1.–3. ársfj.	1.–3. ársfj.	%
	<i>3rd quart.</i>	<i>3rd quart.</i>	<i>Change, %</i>	<i>1–3 quart.</i>	<i>1–3 quart.</i>	<i>Change, %</i>
1. Heildartekjur <i>Revenue</i>	142,6	150,7	5,7	405,8	429,7	5,9
2. Heildarútgjöld <i>Expenditure</i>	148,5	154,1	3,8	430,0	446,3	3,8
2.1 Fjárfesting <i>Investment</i>	4,1	5,5	33,4	9,7	13,4	37,3
3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) <i>Financial bal. (3 = 1 - 2)</i>	-5,9	-3,3	•	-24,2	-16,7	•
4. Tekjujöfnuður % af tekjum <i>Fin. bal. % of revenue</i>	-4,1	-2,2	•	-6,0	-3,9	•
5. Tekjujöfnuður % af VLF <i>Financial bal. % of GDP</i>	-1,3	-0,7	•	-1,9	-1,3	•

*Hrein peningaleg eign ríkissjóðs
rýrnar um 55 milljarða króna*

Peningalegar eignir ríkissjóðs voru 1.055 milljarðar króna í lok 3. ársfjórðungs 2013 eða sem nemur 59,2% af landsframleiðslu og hafa þær rýrnað um 36 milljarða króna frá sama ársfjórðungi 2012 eins og fram kemur í töflu 9. Á sama tíma hafa skuldir ríkissjóðs aukist um 18,8 milljarða króna en þær námu 1.933 milljörðum króna í lok 3. ársfjórðungs 2013 samanborið við 1.914 milljarða króna á 3. ársfjórðungi 2012. Sem hlutfall af landsframleiðslu námu þær 108,5%. Hrein peningaleg eign ríkissjóðs, þ.e. peningalegar eignir umfram skuldir, er því neikvæð um 878 milljarða króna í lok 3. ársfjórðungs 2013 eða sem svarar 49,3% af landsframleiðslu. Til samanburðar var hrein peningaleg eign ríkissjóðs neikvæð um 48,5% af landsframleiðslu á sama ársfjórðungi 2012 og 44,4% á sama ársfjórðungi 2011. Hrein peningaleg eign ríkissjóðs rýrnaði um 55 milljarða króna milli ára.

Mynd 2. Peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af VLF*Figure 2. Central government financial assets and liabilities as percent of GDP*

Sveitarfélög

Heildartekjur sveitarfélaga jukust um 4,4% samanborið við sama tímabil í fyrra

Heildartekjur sveitarfélaganna á 3. ársfjórðungi 2013 eru áætlaðar 59,9 milljarðar króna og heildarútgjöld 60,8 milljarðar. Tekjuhalli ársfjórðungsins er því áætlaður 0,9 milljarðar króna, samanborið við 1,1 milljarð árið 2012. Heildartekjur sveitarfélaga hafa aukist um 4,4% samanborið við sama ársfjórðung í fyrra en heildarútgjöld um 3,9%.

Launakostnaður eykst um 6,9% milli ára

Skatttekjur sveitarfélaganna eru áætlaðar 44,6 milljarðar króna á 3. ársfjórðungi en þar af nema tekjur af útsvari 36,6 milljörðum króna. Samanborið við sama tímabil árið 2012 hafa útsvarstekjur sveitarfélaga hækkað um 3,7%. Launakostnaður, sem er stærsti einstaki útgjaldaliðurinn í rekstri sveitarfélaga, er áætlaður 27,6 milljarðar króna og hækkar um 6,9% samanborið við sama tímabil í fyrra. Kaup á vöru og þjónustu námu 18 milljörðum króna og fjárfesting 5,9 milljörðum.

Tafla 3. Fjárhagur sveitarfélaga á 3. ársfjórðungi 2012 og 2013

Table 3. Local government finances in 3rd quarter 2012 and 2013

Fjárhæðir í milljörðum króna <i>Figures in billion ISK</i>	2012 3. ársfj. <i>3rd quart.</i>	2013 3. ársfj. <i>3rd quart.</i>	Breyting, % <i>Change, %</i>	2012 1.–3. ársfj. <i>1–3 quart.</i>	2013 1.–3. ársfj. <i>1–3 quart.</i>	Breyting, % <i>Change, %</i>
1. Heildartekjur <i>Revenue</i>	57,4	59,9	4,4	167,8	175,1	4,4
2. Heildarútgjöld <i>Expenditure</i>	58,5	60,8	3,9	173,4	180,0	3,8
2.1 Fjárfesting <i>Investment</i>	6,0	5,9	-1,1	15,0	14,6	-2,7
3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) <i>Financial bal. (3 = 1 - 2)</i>	-1,1	-0,9	•	-5,7	-4,9	•
4. Tekjujöfnuður % af tekjum <i>Fin. bal. % of revenue</i>	-2,0	-1,5	•	-3,4	-2,8	•
5. Tekjujöfnuður % af VLF <i>Financial bal. % of GDP</i>	-0,3	-0,2	•	-0,4	-0,4	•

Tekjuafkoma sveitarfélaga batnar lítillega

Tekjuafkoma sveitarfélaga batnar lítillega á þriðja ársfjórðungi samanborið við sama tímabil árið 2012 en tekjujöfnuður er þó neikvæður um 0,9 milljarða, eða sem nemur 1,5% af heildartekjum. Afkoman fyrstu níu mánuði ársins er einnig nokkuð betri en í fyrra, tekjujöfnuður var neikvæður um 4,9 milljarða króna í ár borið saman við 5,7 milljarða árið 2012. Sem hlutfall af landsframleiðslu nemur tekjuhallinn fyrstu níu mánuði þessa árs 0,4%, sem er svipuð niðurstaða samanborið við sama tímabil í fyrra.

Gagna- og aðferðalýsing

Fjármál hins opinbera og undirgeira þess eru sett fram á rekstrargrunni

Áætlanir um tekjur og gjöld ríkissjóðs byggjast á gögnum frá Fjársýslu ríkisins. Reynt er að meta tekjur og gjöld á rekstrargrunni í samræmi við uppgjör þjóðhagsreikninga, ekki á greiðslugrunni eins og mánaðarhefti ríkissjóðs sýna. Rekstrargrunnur felur í sér að skuldbindingar eru færðar til tekna eða gjalda þegar til þeirra er stofnað óháð því hvenær greiðslur fara fram. Við mat á fjármálum sveitarfélaganna er byggt á úrtaki stærstu sveitarfélaga landsins, sem náð hefur til um fjögurra fimmtu hluta íbúafjöldans, og hefur það verið uppfært til heildar. Tölur um fjárfestingu sveitarfélaganna eru háðar nokkurri óvissu og er því að hluta byggt á fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna fyrir árið ásamt ársfjórðungstölum úrtaksins.

Hagstofan leggur hér megináherslu á tekjuafkomuna við mat á afkomu hins opinbera. En annar mælikvarði er einnig notaður, en það er rekstrarafkoma. Munurinn á

rekstrarjöfnuði og tekjujöfnuði er sá að rekstrarjöfnuður sýnir niðurstöðu rekstrarreiknings eftir að afskriftir hafa verið gjaldfærðar en tekjujöfnuður sýnir niðurstöðuna eftir að fjárfesting hefur verið dregin frá rekstrarjöfnuði, en þá eru afskriftir ekki gjaldfærðar. Munur þessara tveggja mælikvarða felst því í muninum á afskriftum og fjárfestingu. Ef fjárfestingin er hærri en afskriftir verður tekjujöfnuðurinn lakari en rekstrarjöfnuðurinn eða sem nemur þeim mun.

English summary

The financial balance (or net lending/borrowing) of the general government (i.e. the central government, the social security funds and the local governments) was 2.4 billion ISK in deficit in the 3rd quarter of 2013 or 0.5% of quarterly GDP and 1.2% of general government total revenue. This can be compared with 6.7 billion ISK in deficit in the 3rd quarter of 2012 or 1.5% of GDP in that quarter.

In the first nine months of 2013, the financial balance of the general government was 18.1 billion ISK in deficit or 1.4% of GDP, which can be compared with a deficit of 2.3% of GDP for the same period in 2012.

The general government total revenue increased by 5.4% between the 3rd quarters of 2012 and 2013, or from 192.4 billion ISK to 202.7 billion ISK. This is mainly explained by increased revenue from income taxes (5.0bn ISK) and taxes on goods and services (2.6bn ISK). The total expenditure increased at the same time by 3.0% or from 199.1 billion ISK in 2012 to 205.1 billion ISK in 2013. The main reasons are a 4.4 billion ISK increase in wages and salaries and 1.8 billion ISK increase in use of goods and services. In the same period investments increased by 1.3 billion ISK and social benefits to households decreased by 1.3 billion ISK.

The central government total liabilities at the end of the 3rd quarter 2013 amounted to 1,933 billion ISK or 108.5% of the GDP. The net financial assets, i.e. financial assets less liabilities, was negative by 878 billion ISK or 49.3% of the GDP, compared with a negative net financial asset of 48.5% of the GDP in the same period in 2012 and 44.4% in 2011. Consequently, the central government net financial asset position has deteriorated by 55 billion ISK between the 3rd quarters 2012 and 2013.

The revenue and expenditure figures for the general government and its sub-sectors are presented on an accrual basis and in line with national accounts principles whereas the monthly figures on central government published by the Financial Management Authority (Fjársýsla ríkisins) are on cash basis. Accrual basis means that flows are recorded when they are established regardless of when the actual payments are made. The data presented here, both for the central and local governments, are preliminary.

Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2010–2013

Table 4. Quarterly Government Finances 2010–2013

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	Heildartekjur <i>Total revenue</i>	Heildar- útgjöld <i>Total expenditure</i>	– þar af fjárfesting – <i>thereof investment</i>	Tekju- jöfnuður <i>Financial balance</i>	Tekjujöfnuður hlutfall af heildartekjum <i>Financial balance % of total revenue</i>	Tekju- jöfnuður hlutfall af VLF <i>Financial balance % of GDP</i>
	(1)	(2)	(2.1)	(3=1-2)		
Híð opinbera <i>The General Government</i>						
2010	637,3	791,9	44,7	-154,6	-24,3	-10,1
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	153,7	175,0	8,5	-21,3	-13,9	-1,4
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	156,1	182,3	11,0	-26,2	-16,8	-1,7
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	165,4	185,8	14,3	-20,4	-12,3	-1,3
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	162,2	248,9	10,8	-86,7	-53,4	-5,6
2011	681,1	771,8	29,7	-90,7	-13,3	-5,6
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	162,3	174,9	5,6	-12,6	-7,8	-0,8
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	167,2	185,1	7,1	-18,0	-10,7	-1,1
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	179,3	192,5	8,5	-13,2	-7,4	-0,8
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	172,4	219,2	8,5	-46,9	-27,2	-2,9
2012	740,3	805,6	34,6	-65,3	-8,8	-3,8
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	178,7	186,8	6,4	-8,1	-4,6	-0,5
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	181,1	195,5	8,2	-14,4	-8,0	-0,8
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	192,4	199,1	10,1	-6,7	-3,5	-0,4
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	188,1	224,1	9,9	-36,0	-19,2	-2,1
2013
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	188,4	192,4	6,7	-4,0	-2,1	-0,2
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	191,2	202,9	9,9	-11,7	-6,1	-0,7
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	202,7	205,1	11,4	-2,4	-1,2	-0,1
Ríkissjóður <i>The Central Government</i>						
2010	470,8	614,4	23,5	-143,6	-30,5	-9,4
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	112,0	133,9	3,9	-21,9	-19,6	-1,4
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	115,4	138,6	5,8	-23,2	-20,1	-1,5
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	123,4	140,6	8,0	-17,2	-13,9	-1,1
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	119,9	201,3	5,7	-81,4	-67,9	-5,3
2011	495,8	588,4	13,2	-92,6	-18,7	-5,7
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	119,6	130,4	2,0	-10,8	-9,0	-0,7
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	120,7	137,9	3,0	-17,1	-14,2	-1,1
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	131,1	147,1	3,6	-16,0	-12,2	-1,0
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	124,4	173,0	4,6	-48,6	-39,1	-3,0
2012	543,6	602,1	14,9	-58,5	-10,8	-3,4
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	131,1	137,6	2,2	-6,5	-5,0	-0,4
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	132,1	143,9	3,4	-11,8	-8,9	-0,7
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	142,6	148,5	4,1	-5,9	-4,1	-0,3
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	137,9	172,1	5,2	-34,3	-24,9	-2,0
2013
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	138,8	142,3	2,7	-3,5	-2,5	-0,2
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	140,1	150,0	5,2	-9,9	-7,0	-0,6
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	150,7	154,1	5,5	-3,3	-2,2	-0,2

Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2010–2013 (frh.)
 Table 4. Quarterly Government Finances 2010–2013 (cont.)

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	Heildartekjur <i>Total revenue</i>	Heildar- útgjöld <i>Total expenditure</i>	– þar af fjárfesting – thereof <i>investment</i>	Tekju- jöfnuður <i>Financial balance</i>	Tekjujöfnuður hlutfall af heildartekjum <i>Financial balance % of total revenue</i>	Tekju- jöfnuður hlutfall af VLF <i>Financial balance % of GDP</i>
	(1)	(2)	(2.1)	(3=1-2)		
Sveitarfélög The Local Governments						
2010	192,6	205,5	21,2	-12,9	-6,7	-0,8
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	47,7	49,6	4,6	-1,7	-3,5	-0,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	47,2	51,8	5,2	-4,8	-10,2	-0,3
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	48,6	51,8	6,3	-3,4	-7,0	-0,2
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	49,0	52,3	5,1	-3,0	-6,1	-0,2
2011	214,7	219,4	16,5	-4,8	-2,2	-0,3
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	49,3	52,3	3,6	-3,0	-6,1	-0,2
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	53,4	55,1	4,0	-1,8	-3,3	-0,1
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	56,0	56,0	4,9	0,1	0,2	0,0
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	56,0	56,0	4,0	-0,1	-0,1	0,0
2012	225,7	233,1	19,7	-7,3	-3,3	-0,4
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	54,4	56,2	4,2	-1,8	-3,3	-0,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	56,0	58,8	4,8	-2,7	-4,8	-0,2
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	57,4	58,5	6,0	-1,1	-2,0	-0,1
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	57,9	59,6	4,7	-1,7	-2,9	-0,1
2013
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	56,8	58,2	4,0	-1,5	-2,6	-0,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	58,5	61,0	4,7	-2,5	-4,3	-0,1
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	59,9	60,8	5,9	-0,9	-1,5	0,0
Almannatryggingar The Social Security Funds						
2010	142,9	141,0	0,0	2,0	1,4	0,1
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	36,0	34,4	0,0	1,5	4,3	0,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	36,0	34,1	0,0	1,9	5,3	0,1
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	35,0	34,7	0,0	0,3	0,9	0,0
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	35,9	37,8	0,0	-1,8	-5,0	-0,1
2011	160,8	154,2	0,0	6,6	4,1	0,4
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	36,5	35,2	0,0	1,2	3,4	0,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	38,6	37,7	0,0	0,9	2,4	0,1
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	42,7	40,0	0,0	2,7	6,3	0,2
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	43,1	41,3	0,0	1,8	4,1	0,1
2012	157,9	157,3	0,0	0,5	0,3	0,0
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	38,2	38,0	0,0	0,2	0,4	0,0
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	38,3	38,2	0,0	0,1	0,2	0,0
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	39,9	39,6	0,0	0,4	0,9	0,0
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	41,4	41,5	0,0	-0,1	-0,2	0,0
2013
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	39,7	38,7	0,0	1,0	2,5	0,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	40,0	39,3	0,0	0,7	1,7	0,0
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	41,6	39,8	0,0	1,8	4,4	0,1

Tafla 5. Tekjur og gjöld hins opinbera eftir ársfjórðungum 2012–2013*Table 5. Quarterly General Government Revenue and Expenditure 2012–2013*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2012					2013		
	Alls <i>Total</i>	Ársfjórðungar <i>Quarters</i>				I	II	III
		I	II	III	IV			
1 Heildartekjur <i>Total revenue</i>	740,3	178,7	181,1	192,4	188,1	188,4	191,2	202,7
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	559,7	136,1	135,8	146,9	140,9	143,1	143,0	154,3
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	283,2	68,0	70,3	72,3	72,7	72,8	75,3	77,3
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	5,4	1,4	1,4	1,4	1,4	1,7	1,7	1,7
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	42,4	10,8	10,5	10,4	10,7	11,5	11,2	11,1
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	212,0	52,3	49,2	58,3	52,2	53,8	51,6	60,9
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	7,7	1,6	1,9	1,8	2,3	1,1	1,3	1,3
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	8,9	2,1	2,5	2,7	1,7	2,1	2,0	2,1
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	64,9	15,4	15,6	16,7	17,2	16,3	16,5	17,7
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	3,7	0,8	0,9	1,0	1,0	0,7	0,8	1,0
14 Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	112,1	26,4	28,8	27,8	29,0	28,4	30,8	29,8
2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	805,6	186,8	195,5	199,1	224,1	192,4	202,9	205,1
21 Laun <i>Wages</i>	250,7	59,3	63,9	62,4	65,1	63,2	68,4	66,8
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	200,7	47,9	50,2	48,7	53,8	49,9	52,2	50,5
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	37,1	9,1	9,3	9,3	9,4	9,5	9,5	9,6
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	95,8	22,7	22,8	25,0	25,4	22,5	22,6	24,8
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	30,5	7,6	7,6	7,3	8,0	7,7	7,7	7,5
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	3,8	0,7	1,0	0,9	1,3	0,7	1,1	1,0
27 Félaglegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	135,3	32,7	32,4	34,8	35,4	32,3	32,0	33,5
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	54,2	9,6	9,4	9,9	25,3	9,4	9,1	9,6
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	34,6	6,4	8,2	10,1	9,9	6,7	9,9	11,4
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	-37,1	-9,1	-9,3	-9,3	-9,4	-9,5	-9,5	-9,6
Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i>	-65,3	-8,1	-14,4	-6,7	-36,0	-4,0	-11,7	-2,4
Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i>	-8,8	-4,6	-8,0	-3,5	-19,2	-2,1	-6,1	-1,2
Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i>	-3,8	-0,5	-0,8	-0,4	-2,1	-0,2	-0,7	-0,1
Heildartekjur % af VLF <i>Total revenue % of GDP</i>	43,6	10,5	10,7	11,3	11,1	10,6	10,7	11,4
Heildarútgjöld % af VLF <i>Total expenditure % of GDP</i>	47,4	11,0	11,5	11,7	13,2	10,8	11,4	11,5

Tafla 6. Tekjur og gjöld ríkissjóðs eftir ársfjórðungum 2012–2013
Table 6. Quarterly Central Government Revenue and Expenditure 2012–2013

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2012					2013		
	Alls <i>Total</i>	Ársfjórðungar <i>Quarters</i>				I	II	III
		I	II	III	IV			
1 Heildartekjur <i>Total revenue</i>	543,6	131,1	132,1	142,6	137,9	138,8	140,1	150,7
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	394,9	96,9	95,1	104,2	98,7	102,1	100,6	109,7
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	148,1	36,2	37,1	37,0	37,9	39,8	40,8	40,7
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	5,4	1,4	1,4	1,4	1,4	1,7	1,7	1,7
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	13,4	3,6	3,3	3,2	3,4	3,7	3,4	3,3
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	211,3	52,1	49,0	58,1	52,1	53,7	51,4	60,7
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	7,7	1,6	1,9	1,8	2,3	1,1	1,3	1,3
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	8,9	2,1	2,5	2,7	1,7	2,1	2,0	2,1
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	64,9	15,4	15,6	16,7	17,2	16,3	16,5	17,7
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	10,7	2,4	2,6	2,8	2,9	2,4	2,6	2,9
14 Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	73,1	16,4	18,8	18,9	19,1	18,0	20,4	20,5
2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	602,1	137,6	143,9	148,5	172,1	142,3	150,0	154,1
21 Laun <i>Wages</i>	128,9	30,4	32,9	32,2	33,4	32,4	35,2	34,4
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	96,9	22,2	24,1	24,2	26,5	23,3	25,1	25,1
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	27,0	6,6	6,8	6,8	6,8	7,0	7,0	7,0
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	86,2	20,2	20,4	22,6	23,0	20,3	20,4	22,6
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	25,2	6,2	6,3	6,0	6,7	6,4	6,4	6,2
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	183,2	43,9	44,6	46,4	48,3	45,8	46,6	48,4
27 Félagslegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	23,5	5,4	5,7	5,9	6,5	4,7	4,6	4,9
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	43,4	6,9	6,6	7,2	22,6	6,7	6,5	7,0
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	14,9	2,2	3,4	4,1	5,2	2,7	5,2	5,5
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	-27,0	-6,6	-6,8	-6,8	-6,8	-7,0	-7,0	-7,0
Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i>	-58,5	-6,5	-11,8	-5,9	-34,3	-3,5	-9,9	-3,3
Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i>	-10,8	-5,0	-8,9	-4,1	-24,9	-2,5	-7,0	-2,2
Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i>	-3,4	-0,4	-0,7	-0,3	-2,0	-0,2	-0,6	-0,2
Heildartekjur % af VLF <i>Total revenue % of GDP</i>	32,0	7,7	7,8	8,4	8,1	7,8	7,9	8,5
Heildarútgjöld % af VLF <i>Total expenditure % of GDP</i>	35,4	8,1	8,5	8,7	10,1	8,0	8,4	8,7

Tafla 7. Tekjur og gjöld sveitarfélaga eftir ársfjórðungum 2012–2013*Table 7. Quarterly Local Government Revenue and Expenditure 2012–2013*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2012					2013		
	Alls <i>Total</i>	Ársfjórðungar <i>Quarters</i>				I	II	III
		I	II	III	IV			
1 Heildartekjur <i>Total revenue</i>	225,7	54,4	56,0	57,4	57,9	56,8	58,5	59,9
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	164,8	39,2	40,7	42,7	42,2	41,0	42,4	44,6
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	135,1	31,8	33,2	35,3	34,8	33,0	34,5	36,6
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	29,0	7,2	7,2	7,2	7,2	7,8	7,8	7,8
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	0,7	0,2	0,2	0,2	0,1	0,2	0,2	0,2
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	24,3	5,7	6,0	6,3	6,4	6,0	6,2	6,6
14 Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	36,6	9,4	9,4	8,4	9,4	9,8	9,8	8,7
2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	233,1	56,2	58,8	58,5	59,6	58,2	61,0	60,8
21 Laun <i>Wages</i>	103,8	24,5	26,4	25,8	27,2	26,2	28,2	27,6
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	71,9	18,1	18,2	17,3	18,4	18,8	18,9	18,0
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	10,1	2,5	2,5	2,6	2,6	2,5	2,6	2,6
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	9,6	2,4	2,4	2,4	2,4	2,2	2,2	2,2
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	4,9	1,2	1,2	1,2	1,2	1,3	1,3	1,3
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	1,1	0,3	0,3	0,3	0,3	0,3	0,3	0,3
27 Félaglegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	11,6	2,9	2,9	2,9	2,9	3,0	3,0	3,0
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	10,4	2,6	2,6	2,6	2,6	2,5	2,5	2,5
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	19,7	4,2	4,8	6,0	4,7	4,0	4,7	5,9
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	-10,1	-2,5	-2,5	-2,6	-2,6	-2,5	-2,6	-2,6
Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i>	-7,3	-1,8	-2,7	-1,1	-1,7	-1,5	-2,5	-0,9
Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i>	-3,3	-3,3	-1,6	-3,0	-1,7	-2,6	-4,3	-1,5
Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i>	-0,4	-0,1	-0,2	-0,1	-0,1	-0,1	-0,1	0,0
Heildartekjur % af VLF <i>Total revenue % of GDP</i>	13,3	3,2	3,3	3,4	3,4	3,2	3,3	3,4
Heildarútgjöld % af VLF <i>Total expenditure % of GDP</i>	13,7	3,3	3,5	3,4	3,5	3,3	3,4	3,4

Tafla 8. Tekjur og gjöld almannatrygginga eftir ársfjórðungum 2012–2013Table 8. *Quarterly Social Security Funds Revenue and Expenditure 2012–2013*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2012					2013		
	Alls <i>Total</i>	Ársfjórðungar <i>Quarters</i>				I	II	III
		I	II	III	IV			
1 Heildartekjur <i>Total revenue</i>	157,9	38,2	38,3	39,9	41,4	39,7	40,0	41,6
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	155,6	37,6	37,8	39,4	40,8	39,2	39,4	41,1
14 Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	2,3	0,6	0,6	0,6	0,6	0,6	0,6	0,6
2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	157,3	38,0	38,2	39,6	41,5	38,7	39,3	39,8
21 Laun <i>Wages</i>	18,0	4,3	4,7	4,5	4,5	4,6	5,0	4,8
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	31,8	7,6	8,0	7,3	9,0	7,8	8,2	7,5
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	0,4	0,1	0,1	0,1	0,1	0,0	0,0	0,0
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	6,4	1,5	1,5	1,7	1,8	1,5	1,6	1,8
27 Félaglegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	100,1	24,4	23,9	25,9	26,0	24,6	24,3	25,6
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	0,5	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i>	0,5	0,2	0,1	0,4	-0,1	1,0	0,7	1,8
Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i>	0,3	0,4	0,2	0,9	-0,2	2,5	1,7	4,4
Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,1	0,0	0,1
Heildartekjur % af VLF <i>Total revenue % of GDP</i>	9,3	2,2	2,3	2,4	2,4	2,2	2,2	2,3
Heildarútgjöld % af VLF <i>Total expenditure % of GDP</i>	9,3	2,2	2,3	2,3	2,4	2,2	2,2	2,2

Tafla 9. Peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs eftir ársfjórðungum 2012–2013Table 9. *Central Government Financial Accounts on quarterly basis 2012–2013*

	2012				2013		
	Ársfj. Quarters				Ársfj. Quarters		
	I	II	III	IV	I	II	III
Peningalegar eignir <i>Financial assets</i>	1.146.806	1.134.796	1.090.581	1.104.591	1.109.674	1.048.708	1.054.518
Sjóður og bankareikningar <i>Currency and deposits</i>	513.890	515.754	464.036	484.410	471.969	408.152	408.143
Lánveitingar <i>Loans</i>	158.676	155.927	159.835	160.679	160.417	165.121	168.594
Hlutfé <i>Shares and other equity</i>	345.500	334.029	334.050	334.704	335.026	339.762	339.759
Viðskiptakröfur <i>Other accounts receivables</i>	128.740	129.086	132.660	124.798	142.262	135.673	138.022
Skuldir <i>Liabilities</i>	1.896.656	1.938.294	1.913.860	1.934.742	1.957.930	1.912.902	1.932.752
Verðbréf <i>Securities</i>	765.769	780.020	777.210	792.842	819.935	785.879	817.590
Lántökur <i>Loans</i>	703.994	711.002	706.309	710.115	687.423	677.081	666.276
Innlend lán <i>Domestic loans</i>	282.115	286.117	286.466	276.843	275.162	266.701	260.721
Erlend lán <i>Foreign loans</i>	421.879	424.885	419.843	433.272	412.261	410.380	405.555
Lífeyrisskuldbindingar <i>Insurance technical reserves</i>	372.999	372.999	372.999	372.999	388.626	388.471	388.471
Viðskiptaskuldir <i>Other accounts payable</i>	53.894	74.273	57.342	58.786	61.946	61.471	60.415
Hrein peningaleg eign <i>Net financial assets</i>	-749.850	-803.498	-823.279	-830.151	-848.256	-864.194	-878.234
Hlutfall af vergri landsframleiðslu							
% of Gross Domestic Product (GDP)							
Peningalegar eignir <i>Financial assets</i>	67,5	66,8	64,2	67,8	62,3	58,9	59,2
Sjóður og bankareikningar <i>Currency and deposits</i>	30,3	30,4	27,3	29,7	26,5	22,9	22,9
Lánveitingar <i>Loans</i>	9,3	9,2	9,4	9,9	9,0	9,3	9,5
Hlutfé <i>Shares and other equity</i>	20,3	19,7	19,7	20,6	18,8	19,1	19,1
Viðskiptakröfur <i>Other accounts receivables</i>	7,6	7,6	7,8	7,7	8,0	7,6	7,7
Skuldir <i>Liabilities</i>	111,7	114,1	112,7	118,8	109,9	107,4	108,5
Verðbréf <i>Securities</i>	45,1	45,9	45,8	48,7	46,0	44,1	45,9
Lántökur <i>Loans</i>	41,4	41,9	41,6	43,6	38,6	38,0	37,4
Innlend lán <i>Domestic loans</i>	16,6	16,8	16,9	17,0	15,4	15,0	14,6
Erlend lán <i>Foreign loans</i>	24,8	25,0	24,7	26,6	23,1	23,0	22,8
Lífeyrisskuldbindingar <i>Insurance technical reserves</i>	22,0	22,0	22,0	22,9	21,8	21,8	21,8
Viðskiptaskuldir <i>Other accounts payable</i>	3,2	4,4	3,4	3,6	3,5	3,5	3,4
Hrein peningaleg eign <i>Net financial assets</i>	-44,1	-47,3	-48,5	-51,0	-47,6	-48,5	-49,3

Hag tíðindi **Þjóðhagsreikningar**
Statistical Series **National accounts**

98. árg. • 38. tbl. 2013:18

ISSN 0019-1078 ISSN 1670-4657 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4665 (rafræn útgáfa *PDF*)

Verð kr. *Price* ISK 900 • € 7

Umsjón *Supervision* Hólmfríður Sigurðardóttir • holmfridur.sigurdardottir@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series